



## Sjálfsmatsskýrsla Marbakka 2024

Skólaárið 2023 til 2024 endurmetið

## Inngangur

Ágætlega gekk að manna leikskólann haustið 2023 þó það hafi dregist fram á haustið en í október var leikskólinn fullmannaður og öll plássin 99 nýtt. Litlar starfsmannabreytingar urðu á skólaárinu og heilt yfir gekk vel að fylgja starfsáætlun leikskólans. Þetta var fyrsta skólaárið með nýrri gjaldskrá og breyttu skóladagatali sem þóttu hafa í för með sér verulegar breytingar. Upplifun starfsmanna í Marbakka af breytingunum voru jákvæðar sem m.a. kom fram í að vistunartími barna minnkaði verulega og um það bil 20% barnanna fóru í 6 tíma vistun. Það létti álag á börn og starfsfólk bæði að morgni dags og í lok dags.

Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er að meta starfið með kerfisbundum hætti og bregðast við með umbótaverkefnum þegar vísbendingar eru um að þess sé þörf. Til að skólastarf sé í þróun þarf það stöðugt að vera í þróun og umbótaverkefni mikilvægur liður svo það megi vera.

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fór fram í Marbakka skólaári 2023 til 2024. Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir að mestu leiti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskannanir meðal starfsmanna, markvissum umræðum starfsfólks um starfið, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna fæddum 2018. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Skýrsluna tók saman Alda Agnes, leikskólastjóri. Alda Agnes og Steinunn aðstoðarleikskólastjóri unnu samantektir úr sérhverjum matsþætti, Unnur Ólöf sérkennslustjóri lagði mat á sérkennsluna í vetur en aðrir í stjórnendateymi leikskólans rýndu í niðurstöður viðhorfskannanna, lásu yfir sjálfsmatskýrsluna og komu með ábendingar.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 2  |
| Efnisyfirlit.....   | 3  |
| Umbótalistinn fyrir skólaárið 2023-2024 yfirfarin.....                | 4  |
| Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2024.....  | 6  |
| Viðhorfskönnun um „fagnaðarfundi“ meðal starfsmanna í sept. 2023..... | 7  |
| Viðhorfskönnun meðal starfsmanna apríl 2024.....                      | 7  |
| Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2018. ....                            | 7  |
| Endurmat sérkennslunnar.....  | 9  |
| Símenntunaráætlun endurmetin. ....                                    | 10 |
| Matsáætlun vegna skólaársins 2023 – 2024 endurmetin. ....             | 11 |
| Samantekt .....   | 12 |
| Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2024-2025 .....              | 12 |

## Umbótalistinn fyrir skólaárið 2023-2024 yfirfarin.

- Styðja við foreldraráð leikskólans.

Leiðir: Funda með foreldraráðinu á haustönn 2023 til að ræða þeirra óskir um aðkomu og hlutverk við leikskólastarfið.

Fundað var með foreldraráðinu á haustönn og farið yfir hlutverk þess. Fulltrúar foreldra í foreldraráðinu gerðu sér nýjar starfsreglur og áætla að funda tvisvar á skólaári í upphafi árs til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemina og í lok skólaárs til að endurmeta gang skólaársins líkt og áætlað var í starfsáætlun leikskólans. Vorfundur með foreldraráðinu fór fram 21.maí.

- Virkja workplace enn frekar meðal starfsmanna og leggja áherslu á allir starfsmenn séu virkir.

Leiðir: Stjórnendur sjá til þess að allt nýtt starfsfólk komist sem fyrst í workplace hópinn. Fylgst verður með því hverjir sjá færslur sem settar eru þar inn og starfsfólk hvatt til að setja inn innlegg eða athugasemdir.

Allir nýir starfsmenn voru tengdir við Worplacesíðuna nokkuð fljótlega eftir ráðningu en virkni starfsmanna er mjög misjöfn. Það kemur fyrir að allir starfsmenn sjá færslur á síðunni. Færri en helmingur starfsmanna fer vikulega á síðuna og einungis rúmlega ¼ starfsmanna hefur sett efni á síðuna.

- Auka faglegar umræður í Marbakka.

Fagfundum var fjölgað í Marbakka og faghópsumræðum með þátttöku allra starfsmanna sem starfa á deildum fóru fram fjórum sinnum á skólaárinu.

- Leggja áherslu á að miðla til foreldra innihaldi skólanámskrárinnar

Leiðir: Kynna starfsaðferðir Marbakka í fréttapóstunum sem deildir senda til foreldra. Vera með fræðslu um starfsaðferðir Marbakka á foreldrafundi í október.

Allar deildir sendu heim upplýsingapósta til foreldra og oft var vísað í aðalnámskrá leikskóla en sjaldnar í skólanámskrá Marbakka, kannski smá hik þar sem hún er í endurskoðun.

- Eiga meira samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Stafsfolk deilda getur bætt við samtal við nýja foreldra á aðlögunartímanum. Leikskólastjóri lagði sér fram um að kynna sig fyrir foreldrum á aðlögunartímanum en ekki verður spurt um árangur fyrr en í viðhorfskönnun foreldra mars 2025.

- Styrkja allt starfsfólk til að halda utan um samverustundir og eftir 6 mánuði í starfi sé fólk almennt farið að treysta sér til þess.

Gert á sumum deildum en öðrum ekki.

- Hlú að lýðræðislegum stjórnunarháttum og samvinnu.

Leið: Stuðningur og fræðsla við að efla lærdómssamfélag og teymisvinnu innan leikskólans sem byggir ofan á þróunarverkefnið sem var í gangi í fyrra. Stjórnendateymið fundar einu sinni á önn til að efla traust innan hópsins og halda áfram að þróa samstarfið. Fræðsla til allra starfsmanna um teymisvinnu og lærdómssamfélag til að styrkja teymisvinnu á deildum.

Fræðsla um teymisvinnu var til allra starfsmanna á skipulagsdegi í nóvember, Alda Agnes sá um fræðsluna. Stjórnendateymið hefur fundað einu sinni á önn með öðrum hætti en á hefðbundnum deildastjórafundum og meiri áhersla lögð á að stjórnendateymið styrkti tengslin sín á milli og fundað við aðrar aðstæður en venjulega. Samvinna og traust hefur eflst innan skólans samkvæmt viðhorfskönnun.

- Fara inn í starfsárið 2023 – 2024 með öfluglu hópefli til að byggja upp traust og samvinnu í starfsmannahópnum.

15. september á starfsmannafundi var keypt hópeflis námskeið hjá skemmtigarðinum fyrir alla starfsmenn leikskólans. Námskeiðið var með áherslu á lausnaleit og samvinnu allra að lausnum.

- Auka faglegt samtal í Marbakka og koma á reglulegum fagfundum.

Sérstakir fagfundir voru skipulagðir á föstudögum og starfsfólk skiptist á að mæta á þá þannig að hver starfsmaður fór á fagfund fjórum sinnum á skólaárinu. Allir fóru í gegnum sama umræðuefnið og fengu allir starfsmenn undirbúningsefni sem þeir voru hvattir til að lesa eða gera áður en þeir mættu á fundinn. Fundarefnið ákveðið af starfsfólki sjálfu. Almenn ánægja er með föstudagsfagfundina samkvæmt viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Vísbendingar eru um að fagumræða gæti verið meiri á deildarfundum og í undirbúningstímum.

- Halda áfram að þróa matstofuna með það að markmiði að öllum geti liði vel í henni.

Leiðir: Minnka ráp í salnum þegar matartímar eru, passa það sé nóg leirtau á vögnum sem fara inn á yngri deildir, Starfsfólk takmarki sína umferð í gegnum salinn og viðbótarmatur sé á skenknum uppi í sal. Fræðsla til nýrra starfsmanna um matstofuna og verklagið þar.

Í faghópsumræðum fyrsta hring var matarumhverfi barna tekið til umfjöllunar og matstofan rædd í þeirri umræðu þegar það átti við. Ábendingar og athugasemdir sem komu fram í faghópsumræðunni teknar til skoðunar á skiplagsdegi í öllum starfsmannahópnum og ákveðið að kaupa ný áhöld, skálar og fleira sem passa betur á borðin og auðvelda börnum að skammta sér sjálf. Ráp starfsfólks minnkaði um matstofuna á matmálstímum eftir að flest starfsfólk byrjaði að borða með börnunum og þeir sem borða á kaffistofunni reyna að vera búnir að borða áður en matartíminn í matstofunni hefst. Í svörum starfsfólk við endurmatsspurningum um matstofuna var helst að merkja að það sem vantar upp á er að hafa auka mat uppi í matstofunni svo það þyrfti ekki að sækja niður í eldhús, að hafa minni umgang óviðkomandi á matartímum, fækka samræðum fullorðinna í matstofu og passa málróminn, halda reglulega fundi um matstofuna þar sem deildirnar sem nýta hana ræði málin.

- Halda áfram deildarfundum sérkennara og festa enn frekar í sessi.

Gekk mjög vel og samkvæmt áætlun.

- Setja reglulega samráðsfundi sérkennslustjóra með deildarstjórum með það að markmiði að bregðast fljótt við ef grunur er um frávik af einhverju tagi og hefja samstarf við foreldra. Hugmyndin er að þetta samráð eigi sér stað á fimm vikna fresti.

Reglulegir samráðsfundir sérkennslustjóra og deildastjóra sem lagt var upp með að halda reglulega yfir skólaárið urðu að veruleika og þrátt fyrir að sumum þætti of stutt á milli þeirra til að byrja með þá kom ákall úr deildastjórahópnum um að halda þeim inni og verður tíðni þeirra endurskoðuð.

Umbótaverkefni:

- Eiga samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Tími: Á aðlögunartímanum

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um aðlögunartímann í viðhorfskönnun meðal foreldra í mars/apríl.

- Halda áfram með faghópsumræður með skipulögðum hætti.

Leiðir: Skipuleggja hópana, tímasetja þá að hausti fyrir starfsárið. Umræðuefni á fagfundum verður ákveðið af starfsmönnum eins og við á í tengslum við það sem er sterkt á döfinni í menntun og uppeldi barnanna hverju sinni.

Tími: Skiplagt að hausti og fylgt eftir yfir skólaárið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Athugað að vori hvort hafi verið gert.

## Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2024

Á skipulagsdegi 10. maí 2024 var lögð viðhorfskönnun fyrir starfsfólk Marbakka. Í könnuninni var starfsfólkið beðið um að meta sjö þætti í starfi Marbakka á skalanum 1-10 þar sem 1 var óviðunandi – 5 viðunandi – 10 frábær, einnig var hægt að haka í „vil ekki svara“. Að auki var hægt að koma með hugmyndir um bætingu eða útskýringu. Nítján svöruðu könnuninni.

Samvinna og traust milli samstarfsfólks á deildinni fékk stig frá 3-10 að meðaltali 8,7. Það kom helst fram að bæta mætti samtal og samskipti inni á deildum, skapa traust og skemmta sér meira.

Samskipti við aðra starfsmenn leikskólans aðra en stjórnendur fékk stig frá 6-9 eða að meðaltali 8. Ábendingar voru um að það mætti spjalla meira saman á kaffistofunni og hafa flæði milli deilda.

Lýðræðislegir stjórnunarhættir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslu stjóra fékk stig frá 7-10 að meðaltali 8,3. Ábendingar um að hafa fleiri starfsmannafundi.

Útfærsla á vinnustyttingu eins og hún hefur verið á skólaárinu fékk stig frá 6-10 að meðaltali 8,9.

Fagumræður fékk stig frá 7-10 að meðaltali 8,5. Ábendingar um að þær mættu vera oftár, tengja faghópsumræðurnar meira inn á deildarfundum, mættu vera meiri fagumræður í undirbúningstímum, ánægja með föstudagsfaghópnum þar sem allir fá að taka þátt.

Samverustundir, hvernig starfsfólki gekk að vera með samverustundir fékk stig frá 4-10 að meðaltali 8,7. Þrjú merktu við að þeir væru ekki með samverustundir.

Hversu vel starfsfólk nýtir workplacesíðu leikskólans, hægt að merkja við fleiri en einn möguleika. Tólf sögðust fara vikulega eða oftár inn á síðuna og skoða flest það sem kemur þar inn. Sex sögðust fara tvisvar til þrisvar í mánuði og skoða flest það sem kemur þar inn. Sjö sögðust hafa sett efni inn á síðuna, greinar, grín eða athugasemdir.

Tekið saman af Steinunni úr spurningum sem lagðar voru fyrir starfsfólk á skipulagsdegi 10. maí 2024

Umbótaverkefni:

- Auka fagumræðu á deildum.

Leiðir: Festa deildarfundatíma í þeim tilgangi að fjölga þeim svo meiri tími gefist til faglegrar umræðu á deildarfundum. Stefnt að því að allar deildir séu með deildarfundum í annarri hverri viku.

Tími: Að hausti og endurskoða um áramót.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Um áramót eru fundirnir taldir á hverri deild fyrir sig og aftur að vori.

- Fjölga fagumræðum í undirbúningstíma starfsmanna.

Leiðir: Greina á deildarstjórafundum/um hvaða umræða telst til fagumræðna og skipuleggja undirbúningstíma þannig að betra svigrúm gefist í þá umræðu.

Tími: Í september/október.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2025.

- Bæta þátttöku allra starfsmanna í ákvarðanatöku.

Leiðir: Greina hvaða ákvarðanir starfsfólk upplifir að séu teknar án þess að allir fái möguleika á að taka þátt í þeim. Taka í auknu mæli ákvarðanir á starfsmannafundum og endurskoða síði og venjur á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum.

Tími: Greining á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum og leggja áherslu á ákvarðanatöku sé tekin í meira mæli á starfsmannafundum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um aðkomu að ákvarðanatöku í viðhorfskönnun starfsmanna að vori 2025.

## Viðhorfskönnun um „fagnaðarfundi“ meðal starfsmanna í sept. 2023.

Spurt um hvort halda eigi áfram með þá og þá hversu oft, hvernig stjórnun og lagavali verði hátta.

19 starfsmenn tóku þátt í viðhorfskönnuninni.

9 sögðu að hafa ætti fagnaðarfundi á hálfsmánaðar fresti.

7 sögðu vikulega

3 einu sinni í mánuði.

17 töldu best að þeir stjórnðu fagnaðarfundi sem gæfu kost á sér.

2 að deildir skiptust á að stjórna.

Allir héldu að best væri að þeir sem sæju um fagnaðarfundi veldi þau lög sem eru sungin en tækju við óskalögum frá deildum. Fram kom hjá sumum að á fagnaðarfundum væri hægt að leyfa deildum að troða upp með söng, fara með þulur, sýna leikrit. Kennarar gætu sagt sögur.




Annað sem kom fram: Á fagnaðarfundur þar sem flest börn og starfsmenn Marbakka koma saman þá verða til aðstæður sem reyna á umburðarlyndi, á úthald og getu til að fylgja fyrirmælum. Ólíklegt er að það gangi upp að hver og einn gerir það sem honum dettur í hug í stundum sem þessum.








## Viðhorfskönnun meðal starfsmanna apríl 2024.

12. ágúst 2024 höfðu niðurstöður í viðhorfskönnuninni ekki borist og ákveðið var á þeim tímapunkti að loka sjálfsmatsskýrslunni án þess að hafa samantekt úr niðurstöðunum með.

## Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2018.

Viðhorfskönnunin fór fram í síðustu viku maí 2024 og tóku 18 börn þátt. Steinunn aðstoðarleikskólastjóri og Alda Agnes leikskólastjóri framkvæmdu könnunina. Börnin voru spurð út í líðan sína og tilfinningar gagnvart ýmsum þáttum í leikskólastarfinu og þau beðin um að meta þættina á skalanum „oftast“ „stundum“ og „sjaldan“ Eitt og eitt barn var spurt í einu. Hér á eftir kemur samantekt úr svörum barnanna við hverjum þætti sem spurt var um.







Niðurstöður viðhorfskönnunar:

Börnin voru flest örugg á hvernig þau vildu meta hvern þátt fyrir sig. Þau voru einnig nokkuð góð, að gefa skýringar, sérstaklega í þeim tilfellum sem þau mátu að eitthvað væri sjaldan. Merkja mátti að viðfangsefni líðandi stundar hafði áhrif á matið eins og í því tilfelli þegar nokkrir strákar sem eru búnir að vera mjög uppteknir af fótbolta síðustu vikunnar fannst eiginlega bara gaman að vera úti að spila fótbolta í leikskólanum. Í starfsaðferðum Marbakka er lögð áhersla á að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau hafi rödd og að þau ráði helling í sínu lífi. Starfsmenn upplifa margir að börnin hafi frelsi til að ráða í leikskólanum, þau megi velja sér viðfangsefni, hvenær þau fara út yfir daginn, þau hafa tækifæri til að þróa leik sinn eftir sínu höfði og svo framvegis. Samt segja 66% barnanna að þau ráði sjaldan í leikskólanum þegar þau eru spurð.

Umbótaverkefni:

- Starfsfólk veltir fyrir sér hugtakinu að „ráða“og hver þau telja að tilfinning barnanna sé gagnvart því.

Leiðir: Skapa umræðuvettvang meðal starfsmanna um hvenær börn ráða í leikskólanum, hvað viljum við að börn ráði miklu og hverju.

Tími: Á skipulagsdegi í september verður sérstök umræða um að „ráða“.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal elstu barna vor 2025 verða börnin spurð afmarkað um hverju þau ráða til dæmis ræður þú við hverja þú leikur? Ræður þú hvort þú leikur þér úti og inni? O.s.frv.

## Endurmat sérkennslunnar.

Sérkennslustjóri tók saman þetta endurmat maí 2024.

Innleiðing Samþættrar þjónustu hefur verið stór þáttur í starfinu þetta skólaárið með reglulegum fundum og vinnustofum. Innleiðingin gengur vel og auðvelt er að nálgast og nota verkferla og eyðublöð sem gerð hafa verið til að samræma vinnubrögð. Tveir kennarar komu að sérkennslu barna í 1. og 2. flokki en úthlutað var vegna þeirra einni stöðu. Skólinn hefur einnig yfir að ráða 1,25% stöðuhlutfalli vegna barna í 3. og 4. flokki og hafa tveir kennarar sinnt þeim. Stærstur hluti sérkennslu fer fram í daglegu starfi en að auki eru vinnustundir þar sem unnið er með einstaklinga eða fámenna hópa. Reglulegir samráðsfundir sérkennslustjóra og deildastjóra sem lagt var upp með að halda reglulega yfir skólaárið urðu að veruleika og þrátt fyrir að sumum þætti of stutt á milli þeirra til að byrja með þá kom ákall úr deildastjórahópnum um að halda þeim inni og verður tíðni þeirra skoðuð.

Umbótaverkefni:

- Hafa áfram samráðstíma sérkennslustjóra og deildarstjóra og finna út hentuga tíðni á þeim.

Leiðir: Sérkennslustjóri ákveður í september, í samráði við deildastjóra, hversu oft hann hefur samráðsfundi með hverjum og einum. Skipulagt að hausti og endurmetið um áramót og aðlagað þörf.

Tími: September og um áramót.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Árangur metinn á deildastjórafundum að vori.

## Símenntunaráætlun endurmetin.

| Hverjir   | Innihald  | Fór fram já eða nei |
|---|---|---------------------|
| Deildafundir  | Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira   | já                  |
| Starfsmannasamtöl<br>Allir starfsmenn                                 |   | já                  |
| Hópefli/teymisvinna.<br>Allir starfsmenn                              | Hópeflisleikur sem ýtir undir teymisvinnu. Unnið að lausn þrauta og samvinna er lyklatriði.                   | já                  |
| Skipulagsdagar<br>Náms- og kynnisferð til Manchester Allir starfsmenn | Keypt fræðsla um umhverfi leikskólabarna.<br>Keypt fræðsla um heilaþroska leikskólabarna<br>Leikskólaheimsókn | já                  |
| Nýliðafræðsla. Nýtt starfsfólk  | Farið yfir starfsmannahandbókina  | já                  |
| Skipulagsdagur allir starfsmenn                                       | Fræðsla um teymisvinnu/innan húss fræðsla, <b>ekki utanaðkomandi eins og áætlað var</b>                       | já                  |
| Skipulagsdagur<br>Allir starfsmenn                                    | Upprifjun/fræðsla<br>á starf í anda <u>Reggio Emilia</u> . Jafningjafræðsla                                   | já                  |
| Skipulagsdagur<br>Allir starfsmenn                                    | Umræða um mataruppeldi á skipulagsdegi <b>og í faghópsumræðu</b>  | já                  |
| Allt starfsfólk   | Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti  | Já                  |
| Allir starfsmenn  | Uppeldisfræðilegar skráningar. Jafningjafræðsla.<br>Inga Arons kom með fræðslu til <u>okkar</u> .             | já                  |
| Allir starfsmenn  | Þátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál.<br>Faghópar á föstudögum allir tóku þátt 4x.              | já                  |
| Stjórnendateymið  | Handleiðsluhópar  | já                  |
| Stjórnendateymið  | Skapa umræður um starfið og samstilling<br>stjórnendateymis og endurmat.                                      | já                  |
| Allir starfsmenn  | Eldvarnarfræðsla, Lárus frá eldvarnarskólanum   | já                  |

Auk þeirra símenntunar sem starfsfólk sótti samkvæmt símenntunaráætlun má nefna eftirfarandi til meðal annars til viðbótar:

Einn starfsmaður sótti nýliðanámskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Kópavogsbæjar.

Allir starfsmenn Marbakka utan kokksins sóttu netnámskeið Bofs um kynferðisofbeldi og hegðun 2 til 6 ára barna fyrir þá sem vinna með börnum á þessum aldri.

Allir starfsmenn Marbakka fóru í gegnum þrjú netnámskeið Unicef: Réttindanámskeið Unicef, barnvæn sveitarfélög og barnasáttmálinn.

Einn leikskólakennari stundaði í vetur meistaranám í leikskólakennarafræðum.

Tveir starfsmenn með B.ed. í leikskólakennarafræðum stunduðu meistaranám í leikskólakennarafræðum.

## Matsáætlun vegna skólaársins 2023 – 2024 endurmetin.

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2023-2024. **Gert**
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum. **Gert**
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2024 **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna verður gerð í mars 2024 (af Skólapúlsinum) **Önnur viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð á vegum Prósent í apríl og hætt var við viðhorfskönnun Skólapúlsins.**
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2024 **Gert**
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2024 **Gert**
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2024. **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2024, spurt verður meðal annars um: Samvinnu og traust milli starfsmanna, matstofuna, vinnustyttinguna, fagumræður og samverustundir. **Gert**

| Matsþættir   | 2023-2024 | Gagnaöflun  |
|--|-----------|---|
| <b>Stjórnun</b>  |           |   |
| Faglegt samstarf                                       | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og starfsmannasamtöl   |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x         | Skólanámsrár Marbakka endurskoðuð á skólaárinu með þátttöku starfsmanna og metin í leiðinni. Starfsáætlun skólaársins metin vor 2024.   |
| <b>Uppeldis- og menntastarf</b>                        |           |   |
| Skipulag náms og námsaðstæður                          | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og starfsmannasamtöl   |
| Uppeldi, menntun og starfshættir                       | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir  |
| Námssvið leikskólans                                   | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir  |
| Leikskóli margbreytileikans                            | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir  |
| Mat á námi og velferð barna                            | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir  |
| <b>Mannauður</b>                                       |           |   |
| Hlutverk leikskólakennara                              | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna  |
| Fagmennska starfsfólks                                 | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna  |
| Starfsánægja   | x         | Viðhorfskönnun meðal starfsmanna  |
| <b>Leikskólabragur</b>                                 |           |   |
| Velferð og líðan barna                                 | x         | Foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl.  |
| <b>Innra mat</b>                                       |           |   |
| Skipulag og viðfangsefni                               | x         | Matsáætlun fyrir skólaárið metið.   |
| Gagnaöflun og vinnubrögð                               | x         | Gagna var aflað m.a. með viðhorfskönnun meðal starfsmanna, markvissum umræðum starfsfólks um starfið, foreldraviðtölum, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna fæddum 2018 |
| Opinber birting og umræður                             | x         | Birt á heimasíðu leikskólans og sett til umfjöllunar á workplace síðu starfsmanna Marbakka.   |

## Samantekt

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmati sem fram fór á skólaárinu 2023 til 2024. Þegar þessi skýrsla er tekin saman hafa niðurstöður út viðhorfskönnun meðal starfsmanna ekki borist en það var það ytra mat sem fór fram. Því byggðist sjálfsmatið sem fram kemur í þessari skýrslu eingöngu á fjölbreyttri gagnaöflun innan leikskólans og unnið var samkvæmt matsáætlun. Mikilvægur tilgangur sjálfmats er að setja fram umbætur þegar matið sýnir að ástæða sé til að viðhalda eða bæta þætti sem metnir voru. Hér á eftir eru listuð upp þau umbótaverkefni sem fyrirhugað er að fara í á næsta starfsári.

### Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2024-2025

- Eiga samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Tími: Á aðlögunartímanum

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um aðlögunartímann í viðhorfskönnun meðal foreldra í mars/apríl.

- Halda áfram með faghópaumræður með skipulögðum hætti.

Leiðir: Skipuleggja hópana, tímasetja þá að hausti fyrir starfsárið. Umræðuefni á fagfundum verður ákveðið af starfsmönnum eins og við á í tengslum við það sem er sterkt á döfinni í menntun og uppeldi barnanna hverju sinni.

Tími: Skiplagt að hausti og fylgt eftir yfir skólaárið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Athugað að vori hvort hafi verið gert.

- Auka fagumræðu á deildum.

Leiðir: Festa deildarfundatíma í þeim tilgangi að fjölga þeim svo meiri tími gefist til faglegrar umræðu á deildarfundum. Stefnt að því að allar deildir séu með deildarfundum í annarri hverri viku.

Tími: Að hausti og endurskoða um áramót.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Um áramót eru fundirnir taldir á hverri deild fyrir sig og aftur að vori.

- Fjölga fagumræðum í undirbúningstíma starfsmanna.

Leiðir: Greina á deildarstjórafundum/um hvaða umræða telst til fagumræðna og skipuleggja undirbúningstíma þannig að betra svigrúm gefist í þá umræðu.

Tími: Í september/október.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2025.

- Bæta þátttöku allra starfsmanna í ákvarðanatöku.

Leiðir: Greina hvaða ákvarðanir starfsfólk upplifir að séu teknar án þess að allir fái möguleika á að taka þátt í þeim. Taka í auknu mæli ákvarðanir á starfsmannafundum og endurskoða siði og venjur á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum.

Tími: Greining á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum og leggja áherslu á ákvarðanatöku sé tekin í meira mæli á starfsmannafundum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um aðkomu að ákvarðanatöku í viðhorfskönnun starfsmanna að vori 2025

- Starfsfólk veltir fyrir sér hugtakinu að „ráða“og hver þau telja að tilfinning barnanna sé gagnvart því.

Leiðir: Skapa umræðuvettvang meðal starfsmanna um hvenær börn ráða í leikskólanum, hvað viljum við að börn ráði miklu og hverju.

Tími: Á skipulagsdegi í september verður sérstök umræða um að „ráða“.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal elstu barna vor 2025 verða börnin spurð afmarkað um hverju þau ráða til dæmis ræður þú við hverja þú leikur? Ræður þú hvort þú leikur þér úti og inni o.s.frv.?

- Hafa áfram samráðstíma sérkennslustjóra og deildarstjóra og finna út hentuga tíðni á þeim.

Leiðir: Sérkennslustjóri ákveður í september, í samráði við deildastjóra, hversu oft hann hefur samráðsfundi með hverjum og einum. Skipulagt að hausti og endurmetið um áramót og aðlagað þörf. Tími: September og um áramót.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Rætt um árangur á deildarstjórafundi að vori.

### **Verkefni tengd eftirfylgni og skólaþróun.**

- Kynna nýja námskrá Marbakka fyrir foreldrum.

Leiðir: Ný námskrá Marbakka verður kynnt í heild í upphafi skólaárs en kaflar um afmarkaða þætti í námskránni verða sendir foreldrum í tölvupóstum frá september 2024 til mars 2025.

Tími: September 2024 til mars 2025

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um þekkingu foreldra á námskrá Marbakka í viðhorfskönnun meðal foreldra í mars/apríl 2025

- Leggja áherslu á áframhaldandi teymisvinnu stjórnendahóps Marbakka og inngilda nýjan deildarstjóra í stjórnendateymið auk þess að viðhalda og efla traust innan hópsins.

Leiðir: Haldinn verður tveggja tíma stjórnendafundur í lok ágúst með þetta meðal annars að markmiði snemma og aftur í byrjun febrúar 2025.

Tími: Lok ágúst og í febrúar 2025.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um traust og samvinnu í stjórnendahópnum í starfsmannasamtölum á vorönn.

- Starfsfólk fræðist um hversvegna mikil áhersla er lögð á, í starfsaðferðum Reggio Emilia, að gengið sé útfrá því að börn séu hæfileikarík og getu mikil. Hvað er verið að vísa og hverju skiptir það?

Leiðir: Á skipulagsdegi í september verður fræðsla um mikilvægi þess að börn hafi trú á eigin getu og starfsfólk hafi trú á börn séu hæfileikarík og getu mikil. Utanaðkomandi kemur sem fyrirlesari. Einnig að þetta haft sem umræðu efni í faghópsumræðum á vorönn.

Tími: Skólaárið 2024 til 2025

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri

Endurmat: Starfsfólk spurt í viðhorfskönnun að vori um hvort og þá með hvað hætti fræðslan hafi haft áhrif á starf þeirra á skólaárinu.

- Innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla með áherslu á inngilding, fullgilding og hlutverk kennara.

Leiðir: Byrja á að fara yfir þær glærur sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir á starfsdegi leikskólastjórnenda í Kópavogi undir handleiðslu Guðrúnar Öldu með stjórnenda teyminu í lok ágúst 2024. Kynning fyrir allt starfsfólk á öllum nýju ákvæðunum í aðalnámskránni verður á skipulagsdegi í september. Inngilding og fullgilding verður umræðuefni í fyrstu faghópsumræðu að hausti og hlutverk kennara verði umræða í annarri faghópsumræðu að hausti. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri styrkja sig í að leiða umræðuna m.a. með þátttöku í námskeiðum.

Tími: Skólaárið 2024 til 2025

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um í viðhorfskönnun starfsmanna vorið 2025.

- Kynna nýtt lógó Marbakka.

Leiðir: Byrja að kynna lógóið starfsfólki og börnum, svo foreldrum og að lokum ytra umhverfi.

Kynning starfsfólks fer fram á workplacesíðu starfsmanna í byrjun skólaárs. Starfsmenn sjá svo um að kynna það fyrir börnum og merkið verður hengt upp í umhverfi barnanna. Kynning til foreldra fer fram í tölvupósti í ágúst og lógóið notað meira en áður í kynningarefni og fréttum frá skólanum.

Tími: Haust 2024

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann.